



Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Borgarstjóri

Reykjavík, 25. nóvember 2024

FAS24110039

TILLAGA

Tillaga að reglum um rekstur Leikskólalíkansins Snorra – FAS-STE-022

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðar reglur um rekstur Leikskólalíkansins Snorra, merktar FAS-STE-022.

Greinargerð:

Reglur um rekstur Leikskólalíkansins Snorra taka til eignarhalds og ábyrgðar á Leikskólalíkaninu Snorra, reiknilíkani til úthlutunar á fjárheimildum til leikskóla Reykjavíkurborgar. Reglurnar varða jafnframt daglegan rekstur líkansins og hlutverk einstakra aðila vegna notkunar og stýringar á fjárheimildum. Þá taka reglurnar á því hvernig rýning og endurskoðun á líkaninu skuli fara fram, ásamt eftirliti með notkun og rekstri f.h. eiganda.

Gert er ráð fyrir því að sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs (FAS) fari með eignarhald á líkaninu. Í eigendafyrirsvari felst að ekki eru gerðar breytingar á virkni líkansins eða grunnforsendum þess nema með hans samþykki. Skrifstofustjóri áætlaða og hagmála (SAH) á FAS ber ábyrgð á því að varðveita samþykktu útgáfa líkansins og tryggja aðgengi skóla- og frístundasviðs (SFS) að því til notkunar. Hann ber jafnframt ábyrgð á því að breytingar á líkaninu séu útfærðar í samræmi við fyrirbyggjandi samþykktir þess efnis. Skrifstofustjóri fjármálaþjónustu og ráðgjafar (SFR) hefur eftirlit með reiknilíkaninu f.h. sviðsstjóra FAS.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs fær Leikskólalíkanið Snorra til notkunar og daglegs rekstrar vegna úthlutunar á fjárheimildum til grunnskóla. Fjármálastjóri SFS stýrir notkun þess innan sviðsins og ber ábyrgð að því gagnvart sviðsstjóra.

Þá er í reglunum gert ráð fyrir því að skipaður verður samráðshópur um þróun og rýni líkansins með fulltrúum úr hópi skólastjóra. Hlutverk hans er að fjalla um forsendur og útreikningsaðferðir reiknilíkansins og gera tillögur að breytingum til sviðsstjóra SFS og FAS til rýningar. Samráðshópurinn hittist að minnsta kosti einu sinni á ári og áður en fjárheimildum er úthlutað.

Hjálagt er jafnframt að finna Handbók um Leikskólalíkanið Snorra (FAS-LBE-213), dags. 25. nóvember 2024, með lýsingu á uppbyggingu líkansins og þeim forsendum sem notaðar eru við útreikninga á einstaka þáttum leikskólastarfsins.



Reykjavík



Í handbókinni er að finna upplýsingar um samþykktar forsendur fyrir reikniverki líkansins og skal handbókin uppfærð verði breytingar á forsendum samþykktar í samræmi við reglur um rekstur líkansins.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

FAS-STE-022 Reglur um rekstur Leikskólalíkansins Snorra, dags. 25. nóvember 2024

FAS-LBE-213 Handbók um Leikskólalíkanið Snorra, dags. 24. nóvember 2024

Númer skjals:	FAS-STE-022
Málsnúmer:	FAS24110039
Skjalalykill FAS:	01.06. Fjárhags- og upplýsingakerfi
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	25.11.2024
Síðast rýnt / Næst rýnt:	25.11.2024 / 25.11.2026
Ábyrgðarmaður:	Sviðsstjóri fjármála- og áhættust.sviðs

FAS-STE-022 Reglur um rekstur Leikskólalíkansins Snorra

Afmörkun: Reglur þessar taka til eignarhalds og ábyrgðar á Leikskólalíkaninu Snorra, reiknilíkani til úthlutunar á fjárheimildum til leikskóla Reykjavíkurborgar. Reglurnar varða jafnframt daglegan rekstur líkansins og hlutverk einstakra aðila vegna notkunar og stýringar á fjárheimildum. Þá taka reglurnar á því hvernig rýning og endurskoðun á líkaninu skuli fara fram, ásamt eftirliti með notkun og rekstri f.h. eiganda.

Aðilar að uppfærslu, viðhaldi og rekstri líkansins eru:

- Fjármála- og áhættustýringarsvið (FAS) - sviðsstjóri
- Skóla- og frístundasvið (SFS) - sviðsstjóri
- Fjármáladeild skóla- og frístundasviðs (SFS) – fjármálastjóri, fjármálasérfræðingar
- Skrifstofa áætlana- og hagsmála (SAH) – skrifstofustjóri
- Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar – skrifstofustjóri, sérfræðingar

Eignarhald: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs (FAS) er eigandi líkansins. Í eigendafyrirsvari felst að ekki eru gerðar breytingar á virkni líkansins eða grunnforsendum þess nema með hans samþykki.

Ábyrgð á samþykktri útgáfu líkansins: Skrifstofustjóri skrifstofu áætlana og hagsmála (SAH) á FAS ber ábyrgð á því að varðveita samþykktu útgáfa líkansins og tryggja aðgengi skóla- og frístundasviðs að því til notkunar. Hann ber jafnframt ábyrgð á því að breytingar á líkaninu séu útfærðar í samræmi við fyrirbyggjandi samþykktir þess efnis. Líkanið er gefið út í excel gagnagrunni, með viðeigandi aðgangsstýringum vegna umsjónar og notkunar. Markmiðið er að líkanið verði útfært og gefið út í fjárhagsáætlunar- og fjárhagsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar Unit4 til viðhalds og notkunar eða öðru kerfi sem skrifstofa áætlana og hagsmála hefur ákveðið að taka til notkunar fyrir fjárhagsáætlunarlíkön Reykjavíkurborgar.

Eftirlit: Skrifstofustjóri fjármálaþjónustu og ráðgjafar (SFR) á FAS hefur eftirlit með að rekstri leikskóla sé hagað í samræmi við reiknilíkanið f.h. sviðsstjóra FAS.

Notkun og daglegur rekstur: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs (SFS) fær Leikskólalíkanið Snorra til notkunar og daglegs rekstrar vegna úthlutunar á fjárheimildum til leikskóla. Fjármálastjóri SFS stýrir notkun þess innan sviðsins og ber ábyrgð að því gagnvart sviðsstjóra. Verkaskipting með daglegum rekstri er eftirfarandi:

- Fjármálasérfræðingur leikskólamála á SFS hefur það hlutverk að uppfæra líkanið á milli ára. Í þessu felst að setja inn ný grunngögn t.d. launaviðmið, barnafjölda og raun rekstrarkostnað sl. 3 ára. Viðhald og viðbætur á líkaninu t.d. vegna stofnunar nýs leikskóla eru einnig framkvæmdar af fjármálasérfræðingi leikskólamála. Séu teknar ákvarðanir um breytingar á forsendum eða útreikningsaðferðum á einstökum liðum skal fjármálasérfræðingur leikskólamála framkvæma þær breytingar. Eftirlit með slíkum breytingum eru í höndum skrifstofustjóra áætlana og hagsmála (SAH). Uppfærsla og notkun líkansins skal taka mið af „Handbók um leikskólalíkanið Snorra – FAS-LBE-213“ sem gefin er út af skrifstofu áætlana og hagsmála (SAH).

- Sérfræðingur á skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar (SFR) skal vera til samráðs um uppfærslu á forsendum, viðhaldi og notkun á líkaninu ásamt því að sjá um daglegt eftirlit með rekstri þess f.h. FAS.
- Líkanið verður aðgangsstýrt og er eingöngu aðgengilegt þeim aðilum sem sjá um daglegan rekstur þess þ.e. fjármálasérfræðingi leikskólamála á SFS og sérfræðingi á skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar (SFR). Þá er líkanið einnig aðgengilegt fjármálastjóra SFS, skrifstofustjórum SAH og SFR og sviðsstjórum SFS og FAS.

Samráðshópur: Skipaður verður samráðshópur um þróun og rýni líkansins með 6 fulltrúum þ.e. 2 fulltrúum frá SFS, 2 fulltrúum frá FAS og 2 fulltrúum frá hópi leikskólastjóra. Skrifstofustjóri áætlunar- og hagmála (SAH) er formaður hópsins og kallar hann saman. Hlutverk hópsins er eftirfarandi:

- Fjalla um forsendur og útreikningsaðferðir reiknilíkansins. Gera tillögur að breytingum til sviðsstjóra SFS og FAS til rýningar. Öllum tillögum skal fylgja greinargerð með rökstuðningi, kostnaðarmati og jafnréttisskimun. Í framhaldinu eru tillögurnar settar í viðeigandi ferli til samþykktar.
- Líta skal til markmiða líkansins og þau höfð til hliðsjónar þegar lagðar eru til breytingartillögur á því.
- Samráðshópur um þróun og rýni líkansins hittist að minnsta kosti einu sinni á ári og áður en fjárheimildum er úthlutað. Ef tilefni þykir til skal samráðshópurinn hittast oftár.

Skjölun og breytingasaga: Ábyrgðamaður á samþykktari útgáfu líkansins skal sjá um að skjala breytingasögu þess í skjalakerfi borgarinnar og viðhalda handbók líkansins. Líkanið verður vistað í Hlöðunni, upplýsingastjórnunarkerfi Reykjavíkurborgar, eða þar til líkanið hefur verið fært í fjárhagsupplýsingakerfi Unit4 eða annað kerfi fyrir fjárhagsáætlunarlíkön borgarinnar.

Yfirfarið og samþykkt þann 25. nóvember 2024.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*

*Helgi Grímsson,
sviðsstjóri skóla- og frístundssviðs*

Tilvísun:

FAS-LBE-213 Handbók um Leikskólalíkanið Snorra



Númer skjals:	FAS-LBE-213
Málsnúmer:	R24110039
Skjalalykill FAS:	19.02. Áætlunarlíkan
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	24.11.2024
Síðast/næst rýnt:	24.11.2024 / 24.11.2026
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana og hagnála

Leikskóalíkanið Snorri

Handbók 2023



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Uppbygging líkansins	4
Stjórnborð	6
<input type="checkbox"/> Skólaár	6
<input type="checkbox"/> Innritunaraðferð.....	6
<input type="checkbox"/> Barngildi.....	6
<input type="checkbox"/> Sumarleyfisdaga umfram lokun.....	6
<input type="checkbox"/> Undirbúningstíma eftir starfsheitum.....	6
<input type="checkbox"/> Stuðla vegna skammtíma- og langtímaveikinda	6
<input type="checkbox"/> Stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra	6
<input type="checkbox"/> Hlutfall barna sem þurfa snemmtæka íhlutun	6
<input type="checkbox"/> Flokka innan sértæks stuðnings.....	6
<input type="checkbox"/> Hlutfall stöðugilda vegna barna af erlendum uppruna.....	6
<input type="checkbox"/> Stöðugildi matráða eftir barnafjölda.....	6
<input type="checkbox"/> Viðbótarstjórnun v. samrekinna grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila og aukahúsa	6
<input type="checkbox"/> Stöðugildi sérkennslustjóra	6
<input type="checkbox"/> Raunkostnað á barn í almennum rekstrarkostnaði	6
<input type="checkbox"/> Matarkostnað pr. barn.....	6
Grunngögn	6
<input type="checkbox"/> Fjöldi barna	6
<input type="checkbox"/> Hámarksinnritun og rekstrarleyfi.....	6
<input type="checkbox"/> Fjöldi deilda.....	6
<input type="checkbox"/> Börn af erlendum uppruna	6
<input type="checkbox"/> Sérkennsla.....	6
<input type="checkbox"/> Fjöldi húsa	6
<input type="checkbox"/> Fjöldi leikskólastjóra	7
<input type="checkbox"/> Laun.....	7
<input type="checkbox"/> Innri leiga og veitur.....	7
<input type="checkbox"/> Matartekjur.....	7
<input type="checkbox"/> Vistunartekjur	7
<input type="checkbox"/> Vísitala neysluverðs	7
Grunngögn undirbúningstímar	7
Grunnúthlutun	7
Aðrir starfsmenn og stjórnun	7

Undirbúningstímar	8
Stuðningur	8
Heildarstöðugildi	9
Pottar	9
Launakostnaður	9
Annar rekstrarkostnaður	9
Yfirlitsblað leikskólastjóra	10

Inngangur

Fjárheimildum til leikskóla Reykjavíkur er árlega úthlutað á grundvelli reiknilíkans sem er í eigu FAS og í rekstri hjá Skrifstofu fjármálaþjónustu og reksturs (FAS). Eldra reiknilíkan hefur verið í notkun hjá sviðinu um árabil en hefur ekki fylgt kostnaðar- og launaþróun og því hafa leikskólar borgarinnar verið reknir með halla. Nýtt líkan, eins og það eldra, byggir almenna úthlutun á barngildum í leikskólum. Þ.e. upp reiknaðan fjölda barna eftir aldri þeirra, þar sem elstu börnin vege eitt barngildi en yngstu allt að tveimur barngildum og tekur mönnun deilda mið af því.

Starfsemi leikskóla hefur tekið umtalsverðum breytingum á síðasta áratug, þar sem áhersla hefur aukist á hlutverk leikskóla sem fyrsta skólastigsins. Starfsemi miðist við kennslu og fræðslu barna og að þar sem þörf er á sé gripið inn í með stuðningi, snemmtækri íhlutun og sérkennslu til að mæta þörfum barnsins. Því er tímabært að taka úthlutunarlíkan fyrir leikskóla Reykjavíkurborgar til endurskoðunar og útfæra með nýjum og aðgengilegum hætti í fjárhagsupplýsingakerfi borgarinnar.

Við stýringu á fjárheimildum til stofnana þarf að huga að fjölmörgum forsendum, tryggja að þær endurspegli þarfir rekstrarins og séu rekjanlegar frá upphafi til enda. Mikilvægt er fyrir alla sem að undirbúningi og vinnslu fjárhagsáætlunar koma að upplýsingar og forsendur sem notaðar eru í reikniverkinu sé aðgengilegar og gagnsæjar á öllum stigum til rýningar og greiningar. Þannig verður hægt að gæta jafnræðis við úthlutun fjármuna, bæta ákvarðanatöku og forgangsroðun fjármuna. Einnig varpar nýtt líkan ljósi á hvað leikskólarnir kosta í raun og veru miðað við þær forsendur sem leikskólastjórum er gert að starfa eftir.

Markmiðið var að útfæra reiknilíkan með vel skilgreindum og skýrum forsendum sem eru rekjanlegar og gagnsæjar og ná fram líkani sem auðvelt verði að nýta til stýringar á fjármagni í gegnum fjárhagsáætlunar- og uppgjörferli.

Skipaður var starfshópur af sérfræðingum frá fjármála- og áhættustýringarsviði (FAS) og skóla- og frístundasviði (SFS) til að undirbúa og vinna aðferðafræði og reiknilíkan fyrir úthlutun fjárheimilda til leikskóla og innleiða breytt verklag við undirbúning, vinnslu og framkvæmd fjárhagsáætlunar.

Uppbygging líkansins

Í líkaninu er stjórnborð þar sem gerð er grein fyrir öllum forsendum sem notaðar eru við útreikninga á einstaka þáttum leikskólastarfsins. Með því að setja upp stjórnborð þar sem

forsendur eru skýrar og aðgengilegar er auðvelt fyrir notendur líkansins að skoða og bera saman mismunandi sviðsmyndir og sjá hvernig þær koma út fjárhagslega. Þessi uppsetning og möguleiki á mörgum sviðsmyndum auðveldar kjörnum fulltrúum og stjórnendum hjá Reykjavíkurborg að taka upplýstar ákvarðanir um skólastarfið og forgangsraða fjármunum. Líkanið reiknar út væntan rekstrarkostnað hvers leikskóla m.v. forsendur sem byggja á lögum um leikskóla nr. 90/2008, aðalnámsskrá leikskóla og sérstökum ákvörðunum borgarinnar t.d. varðandi barngildi.

Í eldri aðferðarfræði við úthlutun fjárheimilda til leikskóla var mikið notast við miðlæga potta. Pottarnir stóðu fyrir utan eldra líkan en eru nú að hluta til innbyggðir í nýja líkanið og reiknast eins og aðrir þættir líkansins miðað við ákveðnar forsendur. Eftir standa pottar vegna sérkennslu og langtímaveikinda sem reiknast út frá föstum breytum eins og stöðugildum og kjarasamningsbundnum launakostnaði. Það gerir það að verkum að fjármagn í þessum tveimur pottum endurspeglar nú raunkostnað í stað fastrar upphæðar sem ekki tók verðbreytingum milli ára.

Í nýju líkani byggist rekstrarkostnaður á rauntölum fyrra árs og er markmiðið að gefa réttari mynd af þeim rekstri sem á sér stað í leikskólunum. Við úthlutun hvers árs er rekstrarkostnaðurinn uppfærður m.t.t. undirliggjandi verðlagsbreytinga. Til að tryggja að sem mest samræmi sé á milli leikskóla og auðvelda samanburð, eru innri leiga, veitur (hiti, rafmagn og vatn), ræsting og hráefniskostnaður tekið út fyrir sviga við mat á almenna rekstrarkostnaðinum. Eftir standa þeir þættir almenna rekstrarkostnaðarins sem leikskólastjórnendur geta haft áhrif á og geta stýrt í daglegu starfi.

Stjórnborð

Í stjórnborði er haldið utan um allar forsendur sem hafa áhrif á á starfsemi leikskóla

- Skólaár
- Innritunaraðferð
- Barngildi
- Sumarleyfisdaga umfram lokun
- Undirbúningstíma eftir starfsheitum
- Stuðla vegna skammtíma- og langtímaveikinda
- Stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra
- Hlutfall barna sem þurfa snemmtæka íhlutun
- Flokka innan sértæks stuðnings
- Hlutfall stöðugilda vegna barna af erlendum uppruna.
- Stöðugildi matráða eftir barnafjölda
- Viðbótarstjórnun v. samrekinna grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila og aukahúsa
- Stöðugildi sérkennslustjóra
- Raunkostnað á barn í almennum rekstrarkostnaði
- Matarkostnað pr. barn.

Grunngögn

Í grunngögn eru færðar inn allar grunnforsendur til að reikna út fjárhagsáætlun.

- Fjöldi barna – skiptist í töflur eftir aldri og vistunartíma og er samtalsstafla fremst. Þessar upplýsingar færast inn í grunnúthlutun og mynda barngildistöflu. Upplýsingar varðandi barnafjölda eru teknar úr Völu leikskólakerfi. (Tafla 1 – 7).
- Hámarksinnritun og rekstrarleyfi – að öllu jöfnu er miðað við rekstrarleyfi en einstaka snum er barnafjöldi miðaður við hámarksinnritun. Er það tímabundinn fjöldi vegna ákveðinna aðstæðna á leikskólum t.d. viðgerða, myglu eða starfsmannaeklu. Þessar upplýsingar eru teknar úr Völu. (Tafla 8).
- Fjöldi deilda – fjöldi deildarstjóra miðast við fjölda deilda. Hér þarf að fá uppfærðar upplýsingar frá leikskólaskrifstofu. (Tafla 9).
- Börn af erlendum uppruna – upplýsingar um fjölda barna koma frá leikskólaskrifstofu. (Tafla 10).
- Sérkennsla – verðbættur pottur – upplýsingar um fjölda barna koma frá leikskólaskrifstofu. Fjöldi barna með stuðningsþörf færast inn í líkan til útreiknings á úthlutun fjármagns. (Tafla 11).
- Fjöldi húsa - hér þarf að fá uppfærðar upplýsingar frá leikskólaskrifstofu. (Tafla 12)

- Fjöldi leikskólastjóra – Allir leikskólar nema þeir sem eru samreknir með grunnskólum og frístund fá einn leikskólastjóra í líkani. Í samreknu skólunum reiknast það stöðugildi í áætlun grunnskólans en leikskólinn fær úthlutað auka stöðugildi aðstoðarleikskólastjóra. (Tafla 13).
- Laun – launin eru tekin úr listasmíðju og notast er við meðallaun hvers skóla og starfsheitis miðað við samsetningu starfsstaðar. (Tafla 14).
- Innri leiga og veitur – upplýsingar teknar úr Agresso (Tafla 15).
- Matartekjur – upplýsingar teknar úr Agresso (Tafla 16)
- Vistunartekjur – upplýsingar teknar úr Agresso (Tafla 17)
- Vísitala neysluverðs – ársmeðaltal (Tafla 18)
- Grunn gögn fyrir launaútreikning – upplýsingar teknar úr kjarasamningum (Tafla 19)
- Ræsting – upplýsingar teknar úr Agresso

Grunngögn undirbúningstímar

Grunngögn vegna undirbúningstíma eru fengnar úr listasmíðju. Starfsheiti eru tekin saman og samtala stöðugilda á hvern skóla færð inn í listann. Kjarasamningar hafðir til viðmiðunar.

Grunnúthlutun

Grunngögn vegna fjölda barna í líkani eru tekin úr Völu leikskólakerfi og miðast við innritaðan barnafjölda að hausti.

Í grunnúthlutun er haldið utan um barngildistöfluna en hún sækir upplýsingar um fjölda barna og vistunartíma í flípann grunngögn. Út frá þessum gögnum reiknast svo dvalarstundir og barngildi. Grunnúthlutun stöðugilda er reiknuð út frá barngildum og endurspeglar mönnum á deild, almenna starfsmenn og deildarstjóra

Aðrir starfsmenn og stjórnun

Hér reiknast út stöðugildi vegna annarra starfsmanna í leikskólanum, leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og starfsmanna í mötuneyti. Auk þess reiknast hér stöðugildi vegna viðbótarstjórnunar vegna samrekinna skóla og leikskóla sem reknir í fleiri en einu húsi.

Það sem reiknast alltaf út frá rekstrarleyfi eru:

- Útreikningur stöðugilda leikskólastjóra
- Útreikningur stöðugilda aðstoðarleikskólastjóra

Undirbúningstímar

Samkvæmt kjarasamningum þá eiga starfsmenn rétt á ákveðnum fjölda undirbúningstímum mismikið eftir starfsheitum og kjarasamningum. Í stjórnborðinu eru undirbúningstímarnir skráðir eftir starfsheitum og kjarasamningum. Í útreikningi fyrir undirbúningstíma eru notuð starfsheiti þeirra starfsmanna sem eru í starfi á ákveðnum tímapunkti en það er misjafnt eftir leikskólum í hvaða starfsheitum starfsmenn eru skráðir og hvaða stéttarfélagi þeir tilheyra. Við útreikning á undirbúningstímum er fundin út ákveðin prósentuskipting á milli starfsheita sem nýtt er til að reikna tímafjölda hvers starfsstaðar. Þörfin tekur mið af áætluðum barnafjölda næsta árs og reiknað út hversu marga undirbúningstíma hver skóli þarf á að halda og hversu mörg stöðugildi þeir þurfa til að leysa af starfsmenn sem eru að sinna undirbúningi.

Stuðningur

Stuðningur skiptist í snemmtæka íhlutun, stuðning fyrir börn af erlendum uppruna og sérkennslu.

Snemmtæk íhlutun reiknast þannig að 5% barna á hverjum og einum leikskóla fá stuðning. Reiknireglan er 0,1 stg per skóla plús 0,2 stg pr. barn margfaldast stuðlinum 5% barna í skólanum. Í 100 barna skóla þá eru þetta $0,1+0,2*5= 1,1$ stg.

Börn af erlendum uppruna reiknast þannig að á hverju hausti er talning á börnum af erlendum uppruna í hverjum og einum skóla. Fjöldinn er skráður í líkanið. Áður fyrr hafði þessi stuðningur verið í potti og dreift út í febrúar árið eftir talningu. Reikniaðferðin er sú sama nema að nú er þetta ekki föst fjárhæð heldur tengist þetta launum sem eru reiknuð árlega. Fjöldi barna að 15 fær 0,004 stg per barn og fari fjöldi yfir 15 börn fæst 0,013 stg per barn. Viðbótarúthlutun er ef fjöldi barna af erlendum uppruna er á milli 50-60% af heildarfjölda. Þá fæst 0,001 stg per barn og yfir 60% þá fæst aukalega 0,002 stg per barn.

Af stöðugildunum sem snemmtæk íhlutun og börn af erlendum uppruna reiknast bæði afleysing vegna skammtímaveikinda, undirbúningstíma og orlof umfram lokun.

Í grunngögnum eru skráð fjöldi barna sem þurfa stuðning (eða í raun fjöldi stg eða fjöldi tíma/8) Hér reiknast því heildarfjöldi stöðugilda sem þarf í sérkennslu.

Heildarstöðugildi

Út frá grunnúthlutun, sem felur í sér stöðugildi annarra starfsmanna, stjórnunar og stuðnings, reiknast út heildar stöðugildi per skóla. Hér er reiknaður út fjöldi stöðugilda sem þarf vegna afleysingar vegna skammtímaveikinda, undirbúningstíma, orlofs umfram lokun og útreikningar á stöðugildafjölda sem safnað er í potta vegna sérkennslu og langtímaveikinda.

Pottar

Við gerð líkansins var lagt upp með að fækka pottum sem mest. Þar sem langtímaveikindi og þyngd sérkennslu er ekki fyrirsjáanleg var ákveðið að halda þessum tveimur pottum eftir og dreifa fjármagni því eftir þörf hvers starfsstaðar fyrir sig. Fjárheimildir pottanna taka mið af þörf ársins á undan að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Pottarnir eru einungis nýttir í þessi afmörkuðu verkefni og skila afgangi séu þeir ekki nýttir.

Langtímaveikindapotturinn reiknast sem hlutfall af öllum stöðugildum í skólanum.

Sérkennslupotturinn reiknast út frá þeim tíma sem börnum með sérkennsluþarfir hefur verið úthlutað. Inn í pottinn reiknast afleysing vegna undirbúnings og skammtímaveikinda þeirra starfsmanna sem sinna sérkennslu.

Launakostnaður

Tenging launakostnaðar við stöðugildi og starfsheiti skiptir mjög miklu máli. Ákveðið var að reikna meðallaun hvers starfsheitis í hverjum skóla fyrir sig. Með þessari aðferð væru launin endurreiknuð árlega þannig að alltaf er verið að vinna með nýjustu upplýsingarnar hverju sinni.

Ekki er talin hættá á að leikskólar lokist inni með lægra launað starfsfólk þar sem árlega er endurreiknaður launakostnaður með tilliti til breytingar á samsetningu og faghlutfalli starfsmanna.

Annar rekstrarkostnaður

Við útreikning á öðrum rekstrarkostnaði er miðað við raunkostnað síðasta árs og reiknuð út hagkvæmni lína að teknu tilliti til stærðar hvers leikskóla. Við útreikning hagkvæmnilínunnar voru þeir leikskólar ekki teknir með sem skáru sig verulega úr varðandi kostnað (útlagar) en þó tekið tillit til leikskóla sem af sérstökum ástæðum voru á jaðrinum. Leitast var við að nálgast meðal leikskólann og rekstrarkostnað hans miðað við barnafjölda (stærð). Við úthlutun hvers

árs er rekstrarkostnaðurinn uppfærður m.t.t. undirliggjandi verðlagsbreytinga. Hagkvæmnilína endurspeglar stærðarhagkvæmi og því er tekið tillit, eins og áður sagði, til leikskóla sem liggja langt frá öðrum leikskólum vegna sérstakra aðstæðna. Hreinn rekstrarkostnaður reiknast miðað við barn og reiknast þannig:

Skurðpunktur - Hallatala * Barnafjöldi

Hreinn annar rekstrarkostnaður skiptist hlutfallslega í 5 megin þætti:

Rekstrarkostnaður	Hlutfallsskipting
Starfsmannakostnaður	8,1%
Efniskostnaður	11,4%
Þjónustukostnaður	7,4%
Húsnæðiskostnaður	43,3%
Viðhaldskostnaður	17,9%
UT-kostnaður (5597)	11,9%

Innri leigu, veitum (rafmagn, hiti og kalt vatn), ræstingu og hráefniskostnaði var haldið aðgreindum. Þetta eru þeir þættir sem stjórnendur leikskóla geta lítil áhrif haft á í daglegum rekstri og erfitt er að hreyfa við í leikskólaþjónustu.

Tekjur miðast við rauntekjur frá árinu áður og skiptast í vistunartekjur og matartekjur.

Ákveðið var grundvalla útreikninga á fæðiskostnaði við verð á útvistuðum mat sem felur í sér bæði hráefniskostnað og launakostnað við framleiðslu. Í líkaninu er gert ráð fyrir/úthlutað stöðugildi matræðs á alla leikskóla en við útreikning á netto(hreinum) hráefniskostnaði er launakostnaður eins matræðs dreginn frá og eftir stendur hreinn hráefniskostnaður. Í fyrsta skipti er gert ráð fyrir matarkostnaði vegna starfsfólks á leikskólanum en það eru kjarasamningsbundin réttindi sem ekki voru í eldra líkani. Einingaverði fyrir matarkostnað er stjórnað í stjórnborðinu og er hann uppfærður fjórum sinnum á ári.

Yfirlitsblað leikskólastjóra

Á yfirlitsblaðinu eru allar helstu upplýsingar sem leikskólastjóri þarf við rekstur leikskóla. Þar kemur fram fjöldi allra stöðugilda leikskólans og fjárhæðir tengdar þeim í áætlun ársins. Upplýsingar varðandi annan rekstrarkostnað sem er til skipta það árið ásamt fjölda barna og barngilda.